

ÁRÍÐANDI: ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga

Til : Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@srn.is>
Frá : Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@srn.is>
Heiti : ÁRÍÐANDI: ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga
Málsnúmer : 2020030054
Málsaðili : Ísafjarðarbær
Skráð dags : 19.03.2020 16:24:07
Höfundur : Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@srn.is>

Vísað er í tölvupóst frá því í gær, miðvikudaginn 18. mars:

Lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, og auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga, hafa verið birt í Stjórnartíðindum.

Til að tryggja starfhæfi sitt og til að auðvelda ákvarðanatöku er öllum sveitarstjórnnum heimilt að taka eftirfarandi ákvarðanir:

1. Að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins, án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélags séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins.
2. Að ákveða að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins með fjarfundarbúnaði.
3. Að ákveða að valdsvið nefnda verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í samþykktum sveitarfélagsins.
4. Að fela fastanefnd eða einstökum starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem varða ekki verulega fjárhag sveitarfélags og lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn, þrátt fyrir að kveðið sé um annað í samþykktum sveitarfélagsins.
5. Að ákveða að staðfesting fundargerða sveitarstjórnar verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 10. og 11. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, nr. 22/2013.

Auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga, nr. 230/2020:

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=f4cb3242-2fd9-4fa1-b70d-c1de5acee8f1>

Lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (neyðarástand í sveitarfélagi):

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=e4d918b9-4609-410a-a07b-beb733440bf4>

Bestu kveðjur,

Jóhanna Sigurjónsdóttir

Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government

Sölvhólsögötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

www.samgonguraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Jóhanna Sigurjónsdóttir

Sent: miðvikudagur, 18. mars 2020 16:05

Til: Jóhanna Sigurjónsdóttir

Efni: ÁRÍÐANDI: Ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vekur athygli á eftirfarandi:

Í gær, þriðjudaginn 17. mars, samþykkti Alþingi breytingar á sveitarstjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar. Breytingarnar kveða á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna Covid-19 kórónaveirufaraldursins. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að rétt þyki að rýmka reglur um fjarfundi til að bregðast við tilmælum yfirvalda um sóttvarnir, án þess að það torveldi ákvarðanatöku innan stjórnkerfis sveitarfélaga.

Sjá hér: <https://www.althingi.is/altext/150/s/1147.html> og hér: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/03/12/Frumvarp-til-ad-tryggja-ad-sveitarstjornir-geti-starfad-vid-neydarastand/>

Meðfylgjandi er auglýsing um ákvörðun ráðherra, skv. ofangreinds bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga. Fyrirhugað er að auglýsingin verði birt í Stjórnartíðindum og taki gildi á morgun, **fimmtudaginn 19. mars**. Þegar auglýsingin hefur verið birt verður send tilkynning þess efnis.

Bestu kveðjur,
Jóhanna Sigurjónsdóttir

Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government

Sölvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

www.samgonguraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing